

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2021, þriðjudaginn 9. mars kl. 12:00 var haldinn 302. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Eyþór Laxdal Arnalds, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Hildur Björnsdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson.

Einnig tóku þátt Bjarni Bjarnason, forstjóri, Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála og Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### **Petta gerðist:**

1. Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar, mætti til fundarins lagði fram og kynnti umsögn nefndarinnar um ársreikning 2020 og ferli við undirbúning umsagnarinnar.

Afgreiðslu ársreiknings frestað til aukafundar, sem haldinn verður föstudaginn 12. mars nk.

2. Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála, lagði fram svohljóðandi tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu, ásamt minnisblaði fjár- og áhættustýringar, dags. 2. mars 2021 um arðgreiðslu 2021 vegna fjárhagsársins 2020:

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 4.000 milljónir króna.*

*Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2021-2025.*

Umræður. Afgreiðslu frestað til aukafundar, sem haldinn verður föstudaginn 12. mars nk.

3. Formaður stjórnar gerði grein fyrir frammistöðumati forstjóra og greindi frá því að gengið hafi verið frá samkomulagi um starfskjör hans á grundvelli tillögu starfskjaranefndar, sem samþykkt var á SF 301.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 12:40.**

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 22. mars 2021.**

**Aukafundur stjórnar verður 12. mars 2021.**

Brynhildur Davíðsdóttir,  
Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir,  
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur  
Brynhildur Davíðsdóttir, formaður  
Bæjarhálsi 1  
110 Reykjavík

## Ársreikningur 2020

Hluti af verkefnum endurskoðunarnefndar Orkuveitu Reykjavíkur fyrir hönd stjórnar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og hafa eftirlit með ytri endurskoðun félagsins. Endurskoðunarnefndin átti nokkra fundi með ytri endurskoðendum, Grant Thornton endurskoðun ehf., (hér eftir GT) í tengslum við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar á samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur.

Þau atriði sem endurskoðunarnefnd lagði sérstaka áherslu á við endurskoðun ársreiknings 2020 voru líkt og áður;

- Framsetning og mat á innbyggðri afleiðu
- Framsetning og mat varanlegra rekstrarfjármuna

Endurskoðunarnefndin fékk kynningu á drögum að ársreikningi 2020 á fundi þann 3. þ.m. Á fundinum lögðu GT fram skýrslu sína vegna endurskoðunar ársreikningsins þar sem fram koma fram helstu áhersluatriði, áhættuþættir og niðurstöður endurskoðunarinnar. Að þessu sinni var ekki um að ræða sérstaka skýrslu með ábendingum og athugasemdum vegna innra eftirlits líkt og vegna áranna 2018 og 2019.

Í endurskoðunarskýrslu GT kemur fram að ýmist hafi verið bætt úr þeim ágöllum sem metnir voru alvarlegir eða að unnið sé að úrbótum. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að stjórnendum hafi verið bent á veigaminni atriði sem bæta mætti úr.

Á fundinum lögðu GT einnig fram drög að áritun á ársreikning félagsins sem mun verða undirrituð samhliða staðfestingu stjórnar á ársreikningnum. Fram kemur í endurskoðunarskýrslu GT og drögum að áritun að ársreikningurinn verði áritaður fyrirvaralausri áritun.

Það er álit endurskoðunarnefndar að ársreikningurinn sé tilbúinn til afgreiðslu fyrir stjórn.

Virðingarfyllt,  
f.h. endurskoðunarnefndar



Lárus Finnbogason, formaður

Til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur

SF 302

Reykjavík 5. mars 2021

## **Tillaga**

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 4.000 milljónir króna.

Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2021-2025.

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Áhætturáð Orkuveitu Reykjavíkur  
**Sendandi:** Fjár- og áhættustýring  
**Dagsetning:** 2. mars 2021  
**Efni:** **Arðgreiðsla 2021 vegna fjárhagsársins 2020.**

---

### Niðurstaða:

Með hliðsjón af arðgreiðsluskilyrðum og markmiðum um viðvarandi og stöðugar arðgreiðslur í arðgreiðslustefnu er lagt til að arðgreiðsla ársins 2021 vegna fjárhagsársins 2020 verði á bilinu 3.000 – 4.000 milljónir króna.

Endanleg arðgreiðslutillaga til aðalfundar er ákvörðuð og lögð fram af stjórn félagsins.

### Greinargerð:

Stefna fyrirtækisins er að skila eigendum ávöxtun á það fjármagn sem bundið er í fyrirtækinu í samræmi við þá áhættu sem fólgin er í rekstri og fjármögnun þess.

Við ákvörðun um útgreiðslu arðs er stuðst við verkferli þar sem kannað er hvort arðgreiðsla geti átta sér stað skv. arðgreiðsluskilyrðum. Samkvæmt verkferli Fjármála, ber að athuga stöðu arðgreiðslumælikvarða þegar ársreikningur fyrirtækisins liggur fyrir. Í framhaldi framkvæmir áhættustýring álagspróf og kynnir fyrir áhætturáði OR.

Eigendur hafa samþykkt eftirfarandi arðgreiðsluskilyrði fyrir OR. Skilyrðin miðast við meðaltal þriggja ára, nánar tiltekið síðasta ársreikning og fjárhagspá næstu tveggja ára.

	<u>Frá og með 2019</u>
1. Veltufjárlutfall (leiðrétt m.t.t. innb. afleiðna)	>1,0
2. Eiginfjárlutfall	>40%
3. FFO vaxtaþekja	>3,5
4. RCF / nettó skuldir	>13%

### Skilgreiningar:

(Veltufjármunir – innbygg. afl. á meðal veltufjármuna)  
Veltufjárlutf. (leiðrétt m.t.t.innb.afleiðna)= (Skammtímaskuldir – innbygg. afl. á meðal skammtímaskulda)  
FFO = Handbært fé frá rekstri (e. funds from operation)  
Nettó skuldir = Vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé og annarra vaxtaberandi fjáreigna  
FFO Vaxtaþekja = mælir getu fyrirtækis til að standa við vaxtagreiðslur af skuldbindingum sínum  
RCF = Handbært fé frá rekstri að frádregnum arðgreiðslum.

Jafnframt segir í arðgreiðslustefnu að stefna skuli að viðvarandi og stöðugum arðgreiðslum til eigenda að því marki að þær ógni ekki fjárhagsstöðu samstæðunnar til framtíðar litið.

Við mat á svigrúmi til arðgreiðslu er byggt á fjárhagsspá sem samþykkt var af eigendum OR síðla árs 2020 en þó með breytingum í samræmi við niðurstöður ársuppgjörs 2020. Einnig voru ytri markaðsforsendur uppfærðar miðað við dagsetninguna 5.2.2021 þar sem greiðsluflæði lána og áhættuvarna hefur verið uppfært.

Helstu forsendur fjárhagsspár eru í eftirfarandi töflu:

Grunnforsendur	2021	2022	2023	2024	2025
VNV	2,4%	2,6%	2,5%	2,5%	2,5%
BVT	2,7%	3,0%	2,6%	2,6%	2,6%
LVT	5,6%	5,4%	4,2%	4,2%	4,1%
GVT	-1,2%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
GVT - vísitala	198	198	198	198	198
Álverð USD	2.038	2.078	2.119	2.164	2.218

Í samþykktri fjárhagsspá frá hausti 2020 var gert ráð fyrir 3.000 milljón króna arðgreiðslu.

Niðurstaða við greiningu á arðgreiðslurými er sú að arðgreiðslur á bilinu 3.000-4.000 milljónir króna uppfylla bæði arðgreiðsluskilyrði og markmið um viðvarandi og stöðugar arðgreiðslur.

Sé horft til arðgreiðslna til samræmis við samþykka fjárhagsspár reiknast arðgreiðsluskilyrði sbr. að neðan:

	Markmið	2020	2021	2022	Meðaltal 2020-2022
Arðgreiðsla		3,00	3,00	3,00	
1. Veltufjárlutfall (leiðrétt m.t.t. Innb. Afleiðna)	1	1,30	1,35	1,17	1,27
2. Eiginfjárlutfall	40%	47,73%	49,89%	50,88%	49,50%
3. Vaxtaþekja	3,5	4,0	4,3	4,4	4,2
4. (Handbært fé - arðgreiðslur) / nettó skuldir	13%	13,08%	13,56%	13,99%	13,54%

Eins og sjá má standast öll arðgreiðsluskilyrði undir 3.000 milljón kr. arðgreiðslu eins og gert var ráð fyrir í fjárhagsspá.

Ef gert er ráð fyrir viðvarandi og stöðugum arðgreiðslum að fjárhæð 4 ma.kr. reiknast arðgreiðsluskilyrði sbr. neðangreint.

	Markmið	2020	2021	2022	Meðaltal 2020-2022
Arðgreiðsla (ma.kr.)		3,00	4,00	4,00	
1. Veltufjárlutfall (leiðrétt m.t.t. Innb. Afleiðna)	1	1,30	1,30	1,10	1,23
2. Eiginfjárlutfall	40%	47,7%	49,8%	50,6%	49,4%
3. Vaxtaþekja	3,5	4,0	4,3	4,4	4,2
4. (Handbært fé - arðgreiðslur) / nettó skuldir	13%	13,1%	12,8%	13,2%	13,0%

Eins og sjá má standast meðaltöl arðgreiðsluskilyrða fyrir árin 2020-2022 og en undir þessum arðgreiðslum fer kvarðinn (Handbært fé – arðgreiðslur) / Nettó skuldir niður fyrir arðgreiðsluskilyrði fyrir árið 2021. Ítrekað er að arðgreiðsluskilyrði gilda um meðaltal 3 ára sbr. arðgreiðslustefnu en ekki fyrir einstök ár. Ef arðgreiðsla er stillt af með því markmiði að arðgreiðsluskilyrði séu uppfyllt fyrir öll einstök ár og markmið um viðvarandi og stöðugar arðgreiðslur eru uppfyllt, gæti arðgreiðsla sbr. uppfærða spá numið fjárhæð 3.750 milljón kr.

Ef horft er til þess hver hámarks arðgreiðslugeta á árinu 2021 og miðað við að arðgreiðslur síðari ára séu í samræmi við fjárhagsspá nemur hámarks arðgreiðsla 4.850 milljón kr. Arðgreiðsla að þessari fjárhæð uppfyllir hinsvegar ekki markmið um viðvarandi og stöðugar arðgreiðslur og þyrftu arðgreiðslur síðari ára að vera lægri til samræmis við samþykka spá.

Að öllu óbreyttu mun vera rými til frekari arðgreiðslna á næstu árum í samræmi við fimm ára fjárhagsspá að því gefnu að forsendur verði ekki verri en gert er ráð fyrir í grunnforsendum.

## Álagspróf


Álagspróf hefur verið framkvæmt þar sem gert er ráð fyrir verri þróun ytri forsendna sem hafa áhrif á rekstur og sjóðstreymi OR samstæðunnar en mikilvægt er að gera sér grein fyrir því hvernig staða OR getur breyst ef mikilvægar forsendur breytast.

Álagsprófið gerir ráð fyrir:


- Veiking krónu (10% frá áramótum)
- Aukin verðbólga frá grunnsviðmynd (36% gengisleki)
- Lækkun álverðs (20% frá framvirkum álverðum)

Álagspróf:	2021	2022	2023	2024	2025
VNV	2,4%	3,6%	3,1%	2,5%	2,5%
BVT	2,7%	5,1%	2,8%	2,4%	2,0%
LVT	5,6%	3,6%	3,1%	2,5%	2,5%
GVT	10,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
GVT - vísitala	220,5	220,5	220,5	220,5	220,5
Álverð USD	1.630	1.662	1.695	1.731	1.774


### Verðlagsforsendur



### Gengisvísitala




### Álverð




Myndir hér fyrir neðan sýna áhrif álagsprófa á arðgreiðsluskilyrðin. Arðgreiðsluskilyrði eru sýnd bæði undir grunnsviðsmynd og álagsprófi auk arðgreiðslna sbr. samþykkt spá og arðgreiðslur sem nema 4.000 milljónum kr. á ári hverju.


Velutfjárhlutfall (leiðrétt m.t.t. innb. afleiðna)




Eiginfjárhlutfall)




Vaxtaþekja



(Handbært fé - arðgreiðslur) / Nettó skuldir



Lausafjárstaða





Eins og sjá má brotna arðgreiðsluskilyrði undir álagsprófi og lausafjárstaða versnar. Lausafjárstaða félagsins er þó enn sterk undir álagsprófinu en vert er að hafa í huga að ekki er gert ráð fyrir aukinni fjármögnun í álagsprófi.

### **Fjármögnun**

Við ákvörðun á greiðslu arðs er nauðsynlegt að fjármögnun sé tryggð og að aðgengi að fjármagni sé gott. OR samstæðan hefur notið góðs aðgangs að fjármagni og er með útgáfuflokka á íslenska skuldabréfamarkaðinum. Lausafjárstaða félagsins er sterk og aðgengi að fjármögnun gott en OR áætlar að sækja um 7-8 ma.kr á innlendum markaði á árinu.

Um sl. áramót var lausafjárstaða fyrirtækisins mjög góð eða um 30,6 ma.kr. í handbæru fé, bundnum innlánnum og markaðsverðbréfum. Einnig hefur fyrirtækið aðgang að lánsheimildum og lánalínum alls 7,7 ma.kr. hjá Landsbankanum, Arion Banka og Íslandsbanka í dag. OR hefur einnig gott aðgengi að langtíma lánsfjármögnun hjá innlendum fjármálastofnunum og tryggt aðgengi að 48 milljón USD (ígildi 6,1 ma.kr.) frá NIB samkvæmt lánasamning sem gildir til ársloka 2022.